

**Fylgiskjal.****Skrá yfir hljóðfæri Sumartónleika í Skálholtskirkju 31. desember 2003.***Hljóðfæri í vörslu einstaklinga*

Barokkfiðla, David Hopf, ásamt aukaboga  
 Barokklágfiðla, Matthieu Besseling  
 Barokkcelló, ásamt aukaboga  
 Barokk-óbó d'amore, Ponsele M&F  
 Violone

*Í vörslu*

Hildigunnur Halldórsdóttir  
 Guðrún Hrund Harðardóttir  
 Sigurður Halldórsson  
 Gunnar Þorgeirsson  
 Gunnlaugur Stefánsson

*Keypt*

október 1988  
 maí 1990  
 maí 1991  
 október 1991  
 maí 1992

*Hljóðfæri varðveitt í Skálholti*

Aðild að kammerorgeli, Klop  
 Hlutdeild í sembal, Willem Krousbergen

*Athugasemdir*

Ekki talið til eigna  
 Að 2/3 hluta

*Keypt*

júní 1988  
 október 1989

**AUGLÝSING****um breytingu á deiliskipulagi við Strikið 6 í Sjálandi í Garðabæ.**

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi í við Strikið 6, sem er hluti Jónshúss í Sjálandi í Garðabæ.

Í breytingunni felst að heimilt er að breyta byggingarreit kjallara neðanjarðar undir garði hússins. Skipulagsskilmálar hverfisins eru óbreyttir.

Deiliskipulagsbreytingin hefur fengið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Breytingin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

*F.h. Garðabæjar, 2. september 2004.*

**Bergljót S. Einarsdóttir** skipulagsfulltrúi.

**AUGLÝSING****um deiliskipulag í Mosfellsbæ.**

*Deiliskipulag frístundasvæðis við Heytjörn úr landi Miðdals.*

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti deiliskipulag frístundahúsasvæðis við Heytjörn úr landi Miðdals, Mosfellsbæ, á fundi sínum þann 9. júlí 2004.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir fjórum frístundalóðum. Stærð lands er 3,75 ha. Á lóð 1 má reisa fjögur frístundahús, hámarksstærð 40 m<sup>2</sup>. Á lóð B er hámarksstærð frístundahúss 70,5 m<sup>2</sup>, þar má einnig reisa 15,05 m<sup>2</sup> gróðurhús. Á lóð A2 og C má reisa 71 m<sup>2</sup> frístundahús.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu þess. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

*Deiliskipulag frístundalóðar í landi Miðdals.*

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti deiliskipulag frístundalóðar í landi Miðdals, Mosfellsbæ, á fundi sínum þann 9. júlí 2004.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir 2,3 ha frístundalóð, hámarksstærð húss 90 m<sup>2</sup>, stærð geymslu 20 m<sup>2</sup>, hámarkshæð 7,5 m<sup>2</sup>.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu þess. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

*Breyting á deiliskipulagi Höfðahverfis, Svöluhöfði 24.*

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti breytingu á deiliskipulagi Höfðahverfis, Svöluhöfða 24, Mosfellsbæ, á fundi sínum þann 9. júlí 2004.

Breytingin varðar stækkun á byggingarreit. Byggingarreitur stækkar að hluta um 2 m til suðurs og 1 m til austurs.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu þess. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

*F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar, 27. ágúst 2004.*

**Tryggvi Jónsson** bæjarverkfræðingur.

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag Höfðahverfis, Þrastarhöfði, Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti deiliskipulag Þrastarhöfða, Mosfellsbæ, á fundi sínum þann 9. júní 2004.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir 111 íbúðum, 68 íbúðum í fjölbýli og 43 íbúðum í rað-, par- og einbýlishúsum. Svæðið afmarkast af Blika- og Hrafshöfða, Baugshlíð og Blika-staðalandi. Jafnframt breytist stofnanasvæði Höfðahverfis í íbúðasvæði sem tilheyrir Þrastarhöfða.

Skipulags- og byggingarskilmálar og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu þessa. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar, 3. september 2004.*

**Tryggvi Jónsson** bæjarverkfræðingur.